



HVATARBLAÐIÐ



Afmæli

Grímsnes- og Grafningshreppur
stendur fyrir hátíðardagskrá í
tilefni 20 ára afmælis
sveitarfélagsins laugardaginn
1. desember n.k. kl. 14:00 í
Félagsheimilinu Borg

Hátíðarávarp
Tónlistaratriði
Söngur
Ljósmyndasýning

Boðið verður upp á hátíðarkaffi
eftir formlega dagskrá í
Félagsheimilinu.



Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps verður
laugardaginn 24. nóvember 2018,
kl. 14:00 í Félagsheimilinu Borg.

Aðgangseyrir er kr. 1.500 og innifalið er 1 bingóspjald,
heitt súkkulaði og vöffur.
Aukaspjald er á kr. 500.-
Góðir vinningar.

Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða sem er
samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu.
Sjóðurinn hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir
jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir
nauðpurftum.

Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með
klink og seðla til styrktar góðu málefni.



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



FUNDARGERÐ.

441. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. október 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. september 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. september 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 72. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. september 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 11. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 18. september 2018.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Verzlunin BORG

Vetraropnun frá 1. september 2018.

- Mánud., þriðjud., fimmtud.: 11– 19
- Miðvikudaga: 12 –19
- Föstud., og laugard.: 10 - 20
- Sunnudagar: 11 - 18

Verið velkomin heitt á könnunni

 **486-4408**




Sími 899-2910 

Október/nóvember 2018

www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
18. okt	19. okt Vetrarfrí	20. okt Vetrarfrí
25. okt Laugarvatn 18:00-20:30	26. okt Flúðir 18-21	27. okt Reykholt 18-21
1. nóv	2. nóv Árnes 18:00-20:30	3. nóv Reykholt 18-21
8. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	9. nóv Flúðir 18-21	10. nóv Borg 18:00-20:30

Tökum að okkur STÓR og smá verk



jarðvinnu

- tætingu
- snjómokstur
- bílaflutninga
- jarðheflun
- fólksflutninga

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

Lögð fram 11. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, dags. 18. september 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Gólfefni í anddyri og kaffistofu.

Fyrir liggur að gólfteppið í anddyri og kaffistofu hússins er ónýtt og ljóst að þörf er á að skipta um gólfefni. Húsnefndin var sammála um að hafa teppi áfram og leggur til við sveitarstjórn að tekið verði tilboði ETC ehf. í polyamid teppi í bláum lit. Jafnframt óskar nefndin eftir að framkvæmdin verði eins fljótt og auðið er þar sem slysaætta hefur skapast af gamla teppinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka fyrirnefndu tilboði og efna til könnunar um lit á teppinu á íbúafundi sem haldinn verður mánudaginn 8. október n.k.

Mál nr. 3: Fjárhagsáætlun 2019.

Húsnefndin leggur til við sveitarstjórn að breyta gjaldskrá hússins fyrir stærri veislur og gera ráð fyrir starfsmanni í uppvask inn í leiguverðinu.

Jafnframt óskar húsnefndin eftir að sveitarstjórn setji fjármuni í fjárhagsáætlun næstu ára til áframhaldandi viðhalds. Fyrir fjárhagsárið 2019 verði settir fjármunir í áætlun til að mála salinn og laga rennur utan á húsinu, einnig fjármunir til kaupa á teppahreinsivél, flatskjá og búnaði til að snúa skjávarpanum. Fyrir fjárhagsárið 2020 verði settir fjármunir í klæðningu utan á húsið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tekið verði tillit til þess að einhverju leyti við gerð fjárhagsáætlunar.

c) Fundargerð 163. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. september 2018.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 163. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 25. september 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: 1805051 - Neðan-Sogsvegur 14 L169341: Norðurkot: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Neðan-Sogsvegur 14 og 14B í Norðurkoti en hún felur í sér að lóð 14 stækkar úr 13.800m² í 14.795,5 m² og lóð 14B stækkar úr 18.000 m² í 37.864,5 m². Bætt er byggingarreiti inn á lóð 14 en hann er ekki til staðar í gildandi deiliskipulagi. Tillagan var auglýst frá 1. ágúst til 12. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: 1802028 - Sólbrekka: Frístundabyggð: Syðri-Brú: Deiliskipulag.

Lögð fram, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að deiliskipulagi fyrir Sólbrekku, frístundahúsasvæði úr landi Syðri-Brúar sem í aðalskipulagi er merkt sem F14a. Þar kemur m.a. fram að um er að ræða deiliskipulag svæðis sem er um 36 ha að stærð og byggðist upp að mestu á 8. og 9. áratung síðustu aldar. Helstu markmið deiliskipulagsins eru m.a. að staðfesta lóðamörk innan svæðisins, setja samræmda byggingarskilmála auk þess sem gert er ráð fyrir að bæta við 10 nýjum lóðum. Tillagan var auglýst frá 1. ágúst til 12. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19: 1701041 - Kerið 1 lnr 172724: Stækkun bílastæðasvæðis: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Kerfélagsins ehf., dags. 18. september 2018 um framkvæmdaleyfi fyrir stækkun bílastæðis við Kerið í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt.

Sveitarstjórn synjar beiðni um gerð fleiri bílastæða á svæðið og óskar eftir að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert verði ráð fyrir nýrri vegtengingu og uppbyggingu nýrra bílastæða á svæðinu.

Saumakompan

Fataviðgerðir,
gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Blóm fyrir jólin!



**Amarillis, Hyasintur,
&**

FERSKAR KRYDDJURTIR
nóvember & desember



**Túlípanar í
desember**

Opið verður alla
virka daga frá
10-16 eða eftir
samkomulagi.



*Verið hjartanlega
velkomin.*



669-0108

694-8405

Mál nr. 20: 1809048 - Hólsbraut 18 L208947:
Byggingarreitur: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn frá Steinari Sigurjónssyni og Rebekku Lind Guðmundsdóttur um hvort heimilt verði að bygging sú sem fyrirhugað er að reisa að Hólsbraut 18 á Borg í Grímsnesi, fái að fara örlítið út fyrir merktan byggingarreit í gildandi deiliskipulagi samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Í fyrirspurn er talið til raka að lóðin beri vel stækkun á byggingarreit og að auki sé ekki farið yfir leyfilegt nýtingarhlutfall á lóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 21: 1808036 - Rimamói 9 (L169868): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Ingólfs Ólafssonar, dags. 15. ágúst 2018 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhús, heildarstærð eftir stækkun er 62 m² á sumarhúsalóðinni Rimamói 9 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er 10.000 m² að stærð. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi veiti byggingarleyfi fyrir umræddri stækkun á húsi svo fremi að byggingin uppfylli kröfur byggingarreglugerðar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framkvæmdin verði grenndarkynnt.

Mál nr. 22: 1809054 - Kringla II L168259: Frístundabyggð Árvegur 1-12: Endurskoðað deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Þráins Jónssonar f.h. landeiganda, dags. 18. september 2018 um tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Árvegur 1-12 í landi Kringlu 2 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Við framkvæmd skipulagsins urðu veruleg frávík á legu vega og lóða þ.m.t. lóðastærðum. Í nýju deiliskipulagi hefur svæðið verið teiknað upp eins og það er í dag, á stafrænan, hnitasettan uppdrátt og lóðir málsettar miðað við svæðið. Ennfremur hafa skilmálar verið uppfærðir. Við gildistöku á þessu nýja uppfærða deiliskipulagi mun eldra gildandi deiliskipulag sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 5. júní 2003 skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 falla úr gildi.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur samþykki allra lóðarhafa á skipulagssvæðinu.

Mál nr. 23: 1809053 - Kringla II L168259: Kringla 4-8 og Þorkelsholt: Stofnun lóða.

Fyrir liggur umsókn Þráins Jónssonar f.h. landeiganda, dags. 18. september 2018 um stofnun sex landeigna úr jörðinni Kringla 2 L168259. Gert er ráð fyrir að lóðirnar fái heitin Kringla 4, 5, 6, 7, 8 og Þorkelsholt skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Gert er ráð fyrir nýrri, sameiginlegri, vegtengingu að lóðum 6, 7 og 8 frá Sólheimavegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun né heiti spildnanna með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna. Þá er einnig gerður fyrirvari um umsögn Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu að Kringlu 6, 7 og 8. Ekki eru gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 35: 1809002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 86.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september 2018.

- d) Fundargerð 2. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 24. september 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Fundargerð 2. fundar stjórnar Byggðasafns Árneseinga, 25. september 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Erindisbréf nefnda.

Fyrir liggja drög að erindisbréfum fyrir atvinnumálanefnd, æskulýðs- og menningarmálanefnd, samgöngunefnd og umhverfisnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.



Sviðaveisla

Sviðaveislan í **Miðengi** verður
föstudaginn 9. nóv. n.k.

Maggi Kjartans spilar að venju og **Magnús Kjartan** kemur um miðnætti.

Lopapeysukeppnin verður að sjálfsögðu, allir eru hvattir til þess að mæta í lopapeysum.

Það verða svið, saltkjöt og hrossabjúgu í boði með tilheyrandi.

Pantanir þurfa að berast **fyrir** miðvikudagskvöldið 7. nóvember 2018

Verð kr. 3.000,-
Miðapantanir í síma 865-4422 eða
netfang: helga@midengi.is



Kvenfélag Biskupstungna heldur sinn árlega jólamarkað laugardaginn 1. desember nk. frá 13-17. Markmiðið er að bjóða upp á handverk og matvæli úr héraði. Hið margrómaða kaffihlaðborð Kvenfélagsins verður á sínum stað, einnig tombólan og piparkökuhúsakeppnin. Þið ykkar sem hafið eitthvað skemmtilegt upp á að bjóða eruð vinsamlegast beðin um að panta borð tímanlega. Herdís tekur á móti borðapöntunum á netfangið herdisfr@gmail.com



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun:

20. ágúst 2018 - 1. júní 2019

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími: 480-5530

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Handverk til sölu !

Þetta er ca. 60 - 70 cm hátt kallarnir á 10.000,- og kellingarnar 7.000,- Stærð og lögun fer eftir því hvaða efni mér áskotnast hverju sinni.

Nánari upplýsingar:

Birgir, sími: 898-1505

Hásteinsvegi 3, Stokkseyri



4. Kjördæmavika þingmanna kjördæmisins.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ásmundi Friðrikssyni þingmanni Suðurkjördæmis, dags. 25. september 2018 þar sem kynnt er kjördæmavika þingmanna. Grímsnes- og Grafningshreppi býðst að hitta þingmennina í dag, 3. október kl. 14:00 í Aratungu.

Samþykkt er að allir kjörnir fulltrúar hafi kost á að fara.

5. Boðsbréf frá Orkustofnun á sýninguna Íslenskur landbúnaður 2018 dagana 12. – 14. október.

Fyrir liggur boðsbréf frá Orkustofnun, dags. 20. september 2018 þar sem einum fulltrúa sveitarfélagsins er boðið á sýninguna Íslenskur landbúnaður 2018 sem haldin er í Laugardalshöll dagana 12. – 14. október n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Bjarni Þorkelsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á sýninguna.

6. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga.

Fyrir liggur að tilnefna þurfi fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður þann 10. október n.k. Samþykkt er að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins.

7. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fyrir liggur að tilnefna þurfi fulltrúa sveitarfélagsins á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður þann 10. október n.k. Samþykkt er að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins.

8. Tölvupóstur frá Stefáni Árna Einarssyni, forstjóra Límtré Vírnets ehf. vegna nýtingar á forkaupsrétti hlutabréfa félagsins.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Stefáni Árna Einarssyni, forstjóra Límtré Vírnets ehf., dags. 25. september 2018 þar sem sveitarfélaginu er gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns í hlutum félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að neyta ekki forkaupsréttar

9. Bréf frá Kristjáni Óskarssyni, formanni Félags lóðareigenda í Farengi þar sem óskað er eftir styrk til að gera flóttaleiðir fyrir sumarhúsabyggð í landi Miðengis.

Fyrir liggur bréf frá formanni lóðareigenda í Farengi, dags. 30. september 2018 þar sem óskað er eftir styrk til að gera flóttaleiðir fyrir sumarhúsabyggð í landi Miðengis.

Sveitarstjórn fagnar því að sumarhúsafélög skoði flóttaleiðir út úr hverfunum. Þó hafnar sveitarstjórn samhljóða þessari styrkbeiðni en beinir því til samgöngunefndar að skoða styrkveitingar til uppbyggingar flóttaleiða innan sumarhúsahverfa.

10. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið hafi verið að breytingum á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 13. september 2018 þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið hafi verið að breytingum á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

11. Tölvupóstur frá Einari Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsverði þar sem óskað er eftir umsögn og athugasemdum sveitarfélagsins við endurskoðaðri stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Einari Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsverði, dags. 7. september 2018 þar sem óskað er eftir umsögn og athugasemdum sveitarfélagsins við endurskoðaðri stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Sveitarstjórn gerir eftirfarandi athugasemdir;

2.2 Stjórnskipulag þjóðgarðsins

Það er í hæsta máta eðlilegt og nauðsynlegt að í Þingvallanefnd sitji fulltrúi sveitarfélaganna í Árnessýslu. Ætla má að þátttaka „heimamanna“, sem eru sínum hnútum kunnugastir, myndi aðeins styrkja og bæta mynd og umboð Þingvallanefndar

6.2 - S10: Bújarðir

Engin ástæða er til þess að takmarka búskaparhætti og búsetu með þeim hætti sem hér er gert. Er meiningin að skilyrða

Hjálparsveitin Tintron

Aðalfundur miðvikudaginn 21. nóvember 2018
kl. 20:00 í húsi sveitarinnar.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Kosning formanns
- Kosning stjórnar
- Önnur mál



Nýir félagar velkomnir.



LEIKSKÓLINN
ÁLFABORG




Leikskólinn Álfaborg

Auglýst er eftir deildarstjóra í 100% stöðu, í tímabundna ráðningu, frá 1. desember 2018 með möguleika á fastráðningu vegna stækkunar leikskólans. Einnig óskast leikskólakennari í 100% stöðu í ótímabundna ráðningu, sá þarf að geta hafið störf sem fyrst. Einnig kemur til greina að ráða í hlutastarf. Vakin er athygli á að álagsgreiðslur eru í boði. Möguleiki er á að útvega leiguhúsnæði í nágrenninu.

Nánari upplýsingar á www.blaskogabyggd.is.

PUB-QUIZ



Ertu keppnismanneskja?

Þá er Pub-quiz viðburður fyrir þig!

Hvað er Pub-quiz: Spurningarkeppni í liðum

Hvenær: 16. nóvember 2018

Klukkan: 20:00

Hvar: Gamla-Borg

Frítt inn

Leikfélagið Borg sér um veitingasölu

Aldurstakmark 18 ár.

Hlökkum til að sjá ykkur :)

Æskulýðs- og menningarmálanefnd
Grímsnes- og Grafningshrepps

landnytjar og búsetu á Brúsastöðum við sauðfjárbúskap, búgrein sem á nú í vök að verjast og enginn veit hversu lengi enn fær staðist sem aðal-lifibrauð ábúandans á Brúsastöðum, fremur en annarra sauðfjárbænda?

Og er nauðsynlegt að á Kárastöðum verði um alla framtíð „aðeins búseta“? Það er trú okkar í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, að fátt gleddi auga þjóðgarðsgesta meir en aukin umsvif í búrekstri á þessum jörðum, með tilheyrandi fjölbreyttu dýrahaldi og ræktun lands og búpenings. Full ástæða er til að ríffa nú upp skuggahliðar Þjóðgarðsstofnunarinnar fyrir hartnær heilli öld, er bændur voru hraktir af jörðum sínum og þjóðgarðurinn rúinn töfrum sem gjarnan hefðu mátt prýða hann nú. Að ganga enn lengra í þessum efnum, eins og gefið er undir fótinn með í þessari stefnumörkun, það væri sannkallað óheillaspor.

Og hvi má búskapur - og starfsemi á bújörðunum tveimur, sem standa þó eftir - ekki hafa „teljandi áhrif á þjóðgarðinn“? Er einhver ástæða til þess að gefa sér að þau áhrif yrðu neikvæð og aðeins neikvæð? Gildir þessi setning ef til vill líka þótt áhrifin yrðu jákvæð og aðeins jákvæð? – eins og sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þykir nú trúlegast.

6.4.3 Reiðstígar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framtaki þjóðgarðsmanna að bæta við reiðleiðum og bæta þær sem fyrir eru. Samkvæmt „**Uppdrætti 6**“ er ofangreind lýsing á reiðleiðum hins vegar alls ekki fullnægjandi. Sveitarstjórnin telur að annaðhvort ætti að vísa einungis í uppdráttinn eins og hann kemur fyrir, eða tilgreina í ritmálinu allar reiðleiðirnar, sem segja má að liggi að þjóðgarðinum úr öllum höfuðáttum - ýmist norðan af Kaldadalssvegi, austan úr Goðaskarði, Barmaskarði eða frá Kringlumýri, sunnan frá Þingvallasveitarbæjum og Mosfellsheiði, vestan úr Kjós eða af Leggjabrjót – og svo um þjóðgarðinn síðasta spölinn að Gjábakka eða Skógarhólum. Allur ferðamáti á þessum reiðleiðum yrði heimill, nema e.t.v. um Langastíg og götuna frá Gjábakka um Skógarkot og Hrauntún – þar er óhentugt og yrði óheimilt að vera með rekstur og lausa hesta vegna umferðarhættu. Um **áningarstaði** er þetta að segja: Sjálfsagt er að bæta hér við a.m.k. tveimur skilgreindum áningarstöðum í þjóðgarðinum, enda eru þar afar heppilegt að æja, hvort sem komið er að norðan frá Sandkluftavatni eða austan úr Goðaskarði og að á **Hofmannafliót** - eða vestan Leggjabrjót og Kjósarveg og staldrað við í **Svartagili**. Báðir áfangastaðir státa af miklu og kjarngóðu grasi, sem sannarlega sprytti engum til gagns, ef amast yrði við því að ferðahross tækju þar niður.

- 12. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 25. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- 13. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

- 14. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti grænbók um fjarskipti, netöryggismál, póstmál og málefni Þjóðskrár Íslands.**

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti grænbók um fjarskipti, netöryggismál, póstmál og málefni Þjóðskrár Íslands. Lagt fram til kynningar.

- 15. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti drög að nýrri reglugerð um landverði.**

Fyrir liggur að birt eru til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti drög að nýrri reglugerð um landverði. Drögin lögð fram til kynningar.

- 16. Tölvupóstur frá Bergi Haukssyni, lögmanni fyrir hönd eigenda að Selmýrarvegi 9, Freyjustíg 14 og Stapa 10 vegna neikvæðrar umsagnar sveitarstjórnar við rekstrarleyfum.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bergi Haukssyni, lögmanni fyrir hönd eigenda að Selmýrarvegi 9, Freyjustíg 14 og Stapa 10, dags. 25. september 2018 þar sem óskað er eftir rökum fyrir neikvæðri umsögn sveitarstjórnar við rekstrarleyfum fyrrnefndra aðila. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að svara erindinu.

Þar drógu allar í hópnum miða og lásu upp gamanvísur og ýmis öfugmæli sem kætti hópinn.

Þreyttar en ánægðar kvenfélagskonur skiluðu sér á Borg þar sem ferðin hófst.

Viljum við þakka öllum sem tóku á móti okkur í þessari ferð. Alls staðar mættum við frábærum og fróðlegum móttökum. Hugrún rútubílstjórinn okkar fær bestu þakkir fyrir þægilega samveru, öruggan og þægilegan akstur.

Ferðanefndina skipuðu þær:

Elsa Jónsdóttir, Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir, Kristín Chatwick og Erla Thomsen.



Haustferð Kvenfélags Grímsness

27. október 2018.

Hin árlega haustferð Kvenfélags Grímsness var farin laugardaginn 27. október s.l.

Við lögðum af stað, 21 kvenfélagskona, frá félagsheimilinu á Borg kl. 11:00 og lá leið okkar fyrst að Stokkseyri með viðkomu á Selfossi. Á Stokkseyri var ætlunin að skoða og fræðast um þrjá menningartengda staði.

Í Orgelsmiðju Björgvins Tómassonar, sem staðsett er í Hólmaröst, fengum við skemmtilega og fróðlega frásögn Björgvins um orgel og smíði þeirra. Lék hann fyrir okkur á orgel og stjórnaði fjöldasöng við undirleik á lírukassa. Eftir fræðsluna fengu allar í hópnum afhenta poka með ýmsum munum til eignar og ekki skemmdi að í pokunum voru lítil staup fyrir brjóstbirtu sem ferðanefndin hafði útbúið.

Frá orgelsmiðjunni fórum við í hannyrðagallerí sem staðsett er í Gimli, gömlu félagsheimili Stokkseyringa. Þar koma nokkrar konur, frá Stokkseyri og nágrenni, reglulega saman við allskyns hannyrðir og skiptast konurnar á að standa vaktina á opnunartímum gallerísins. Nú lá leiðin í vinnustofu og sýningarsal listmálarans Elfars Guðna Þórðarsonar og dóttur hans Valgerðar Þóru, sem skapar ýmsa listmuni úr keramik og speglum. Auk þess að skoða okkur um og eiga skemmtilegt spjall við þau Elfar, Helgu og Þóru, var nefndin búin að koma á staðinn með gos og brauðmeti. Kaffi veitti Helga af miklum rausnarskap. Eftir þessa skemmtilegu stund var haldið að sveitabúðinni Sóley.

Þar var mikið skoðað og bauð Sóley okkur inn á heimili sitt þar sem var meira kaffi og brjóstbirta. Nú var komið að því að heimsækja Íslenska sveitabæinn í Austur-Meðalholti. Þar tók Hannes eigandi bæjarins á móti okkur með fróðlega frásögn, kaffi og kleinum. Til að auka enn frekar við menningarupplifun, fórum við næst í Listasafn Árnesinga í Hveragerði þar sem Inga Jónsdóttir og Steinunn Aldis Helgadóttir leiðsöguðu okkur um þær frábæru sýningar sem þar eru um þessar mundir.

Að lokum ferðar fórum við í Skyrgerðina í Hveragerði þar sem við fengum dýrindis kótelettur ásamt meðlæti og skyrköku í eftirrött.

17. Ósk skipulagsfulltrúa um heimild til að undirrita fyrir hönd sveitarfélaganna innan UTU, gildistöku aðalskipulagsbreytinga, gildistöku nýrra deiliskipulaga og gildistöku breytinga á gildandi deiliskipulagstillögum.

Rúnar Guðmundsson óskar eftir heimild frá öllum sveitarfélögum sem eru undir hatti UTU, til að undirrita f.h. sveitarfélaganna uppdrætti vegna gildistöku gagnvart Skipulagsstofnun eftirfarandi:

- *Uppdrætti vegna gildistöku aðalskipulagsbreytinga*
- *Uppdrætti vegna gildistöku nýrra deiliskipulagstillagna*
- *Uppdrætti vegna gildistöku breytinga á gildandi deiliskipulagstillögum.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umbeðna heimild.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 190. stjórnarfundar 26.09 2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 536. stjórnarfundar 18.09 2018.
- ✓ Tölvupóstur frá Ungmennafélagi Íslands, dags. 21. september 2018 vegna Unglingalandsmóts UMFÍ 2021 og 2022.
- ✓ Skipulagsstofnun, skýrslan „Mannvirki á miðhálandinu – framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. –liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15



FUNDARGERÐ.

442. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 17. október 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. október 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. október 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 73. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 24. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. október 2018.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Skemmtileg vinna – hentug sem aukavinna!

Vilt þú gerast liðveitandi?

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur við einstaklinga með fötlun til að draga úr félagslegri einangrun, m.a. til að geta notið menningar- og félagslífs eftir áhugasviði hvers og eins.

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir snýst um viðhorf, virðingu og mannlega reisu sem gerir fólki kleift að njóta lífsgæða sem talin eru eðlileg í samfélaginu og leitað sé allra leiða til þess að fatlað fólk geti upplifað, notið og tekið þátt í fjölmörgum athöfnum sem samfélagið býður upp á.

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Árnason félagsráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls í síma 480-1180, sigurjon@laugaras.is eða María Kristjánsdóttir, maria@hveragerdi.is

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, ábyrgir, jákvæðir og hafa áhuga á að vinna með börnum eða einstaklingum með fötlun. Umsækjendur þurfa einnig að vera reyklausir með bílpróf og hafa aðgang að bíl.

Vilt þú gerast stuðningsforeldri?

Tilgangur með stuðningsfjölskyldu er að draga úr álagi á heimili barna, veita börnum tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa þeim kost á auknum félagslegum tengslum.

Stuðningsfjölskylda býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar. Um er að ræða 1-2 helgar í mánuði þar sem börnin dvelja á heimili stuðningsfjölskyldunnar. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru verktakagreiðslur.

Áhugasamir hafið samband við Sigurjón Árnason í síma 480-1180 eða sendið tölvupóst á sigurjon@laugaras.is einnig er hægt að senda póst á Mariu Kristjánsdóttur á póstfangið maria@hveragerdi.is



FRÍAR BLÓÐSYKURSMÆLINGAR

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður auglýsir blóðsykursmælingu í Verzluninni Borg,

laugardaginn 17. nóvember n.k. kl. 14:00 -16:00

Lionshreyfingin beitir sér fyrir forvörnum og upplýsingum á þessum sívaxandi sjúkdómi, sykursýki.

Á sama tíma safnar Lionsklúbburinn notuðum gleraugum sem fólk er hætt að nota.



Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2018.

Úthlutað verður kr. 1.500.000 í styrki þetta árið.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands. Umsóknarfrestur er til 10. nóvember næstkomandi og skulu umsóknir vera sendar á netföngin eyjolfur@fraedslunet.is eða sigurdur@hfsu.is.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

Lögð fram 11. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grimsnes- og Grafningshrepps, dags. 10. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Önnur mál.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd leggur til að sveitarstjórn breyti gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borgar þannig að öryrkjar og ellilífeyrisþegar fái frítt í sund, líkt og í sundlaugum næsta nágrennis.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í breytinguna og vísar henni til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og gjaldskrárbreytinga.

c) Fundargerð 164. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. október 2018.

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 164. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1808052 - Nesjar lóð L170912: Uglukot: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Lögð fram að nýju umsókn Einars S. Ingólfssonar um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar L170912 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Stærð lóðar breytist úr 4.300 m² í 4.625 m². skv. nákvæmari mælingu. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Fyrir liggur samþykki landeigenda og lóðarhafa lóðarinnar á hnitsettri afmörkun ásamt áður samþykktum hnitsettum lóðablöðum fyrir aðliggjandi lóðir. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Uglukot. Málinu var frestað á fundi skipulagsnefndar þann 13. september 2018 og skipulagsfulltrúa falið að óska eftir rökstuðningi fyrir heiti lóðarinnar. Fyrir liggur rökstuðningur umsækjanda í bréfi sem barst þann 1. október 2018.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðin fái heitið Nesjar Uglukot.

Mál nr. 10: 1809066 - Bjarkarbraut 5 (L169155); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging og geymsla.

Fyrir liggur umsókn Hallborgar Arnardóttur og Arnar Wilhelm Zebitz, dags. 26. september 2018 um byggingarleyfi fyrir geymslu og stækkun á sumarhúsi á lóðinni Bjarkarbraut 5 L169155 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi með geymslu er 102,5 m². Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 11: 1809035 - Klausturhólar 2 (168966) Umsókn um byggingarleyfi Gestahús.

Fyrir liggur umsókn Erlu Magnúsdóttur, dags. 14. september 2018 um byggingarleyfi til að byggja 24,4 m² gestahús á lóðinni Klausturhólar 2 L168966 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir gestahúsinu með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 12: 1804032 - Arnarhólsbraut 11 (169922) Umsókn um byggingarleyfi Sumarhús – viðbygging.

Erindi lagt fram að nýju með lagfærðum gögnum þar sem sótt er um leyfi til að byggja við sumarhús á lóðinni Arnarhólsbraut 11 L169922. Heildarstærð eftir stækkun er 101,9 m². Skv. afmörkun byggingarreits í gildandi deiliskipulagi þá fer viðbyggingin út fyrir byggingarreitinn.

Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem það samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Mál nr. 13: 1810013 - Borgarhólsbraut 18 L169755 og 20 L169794; Stofnun og staðfest afmörkun lóða.

Fyrir liggur umsókn lóðareigenda Borgarhólsbrautar 18 L169755 og 20 L169794, dags. 18. september 2018 um staðfestingu á afmörkun lóðanna skv. meðfylgjandi hnitsettum lóðablöðum og breyttri skráningu stærða þeirra til samræmis. Einnig er óskað eftir stofnun 1.748 m² sameignarlóðar utan um

Förðunarnámskeið



Félagsheimilinu Borg miðvikud.
7.nóv kl. 20.00

Kristín í NoName kemur
og kennir okkur að farða
okkur, hún verður einnig
með skart og föt til sölu.

Verð fyrir félagskonur: 3.000.-

Verð fyrir aðra: 6.000.-

Skráning hjá Siggu Jóns s. 898-4428



Lionshreyfingin er í samvinnu við menntamálastofnun að vinna að verkefni um læsi. Af því tilefni kom Lionsklúbburinn Skjaldbreiður færandi hendi í leikskóladeild Kerhólsskóla og færði þeim gjafapakka til að styðja við fyrstu skrefin í lestrarkennslu. Í pakkanum voru léttlestrarbækur, stafaspil, bókstafir ofl. sem mun nýtast vel með börnunum í leikskóladeildinni.

Börn og starfsfólk leikskóladeildar Kerhólsskóla
þakka kærlega fyrir sig.



1998 - 2018

Sveitarfélagið fagnar 20 ára afmæli í ár en það var árið 1998 sem Grímsneshreppur og Grafningshreppur sameinuðust í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Af því tilefni verður boðið upp á ýmsa viðburði.

-Nemendum í grunnskóladeild Kerhólsskóla ásamt forráðamönnum verður boðið í leikhús á Selfossi á sýninguna „Á vit ævintýrana“ þann **4. nóvember**.

-Íbúum 16 ára og eldri með lögheimili í sveitarfélaginu mun standa til boða að njóta án endurgjalds tónleika í Félagsheimilinu Borg þann **25. nóvember**.

-**Afmæliskaffi verður laugardaginn 1. desember** í Félagsheimilinu Borg þar sem flutt verða ávörp og íbúum og öðrum góðum gestum verður að því loknu boðið í alvöru hnallþóru kaffi ásamt ljósmyndasýningu með gömlum myndum úr báðum hreppum.

-Börnum í leikskóladeild Kerhólsskóla verður boðið á **jólasýningu föstudaginn 7. desember**.

Að lokum er stefnt að því að opna nýja heimasíðu í tilefni afmælisins öðru hvoru megin við áramótin.

Nánari upplýsingar um hvern viðburð verða sendar út þegar að nær dregur.

vegsvæði og borholu/dæluhúsi út úr lóðum 18 og 20. Nákvæm mæling fyrir lóðirnar hefur ekki áður legið fyrir en farið var eftir upprunalegum girðingum umhverfis lóðirnar ásamt samþykkttri afmörkun Borgarhólsbrautar 24A. Eftir lóðastofnun sameignarlands verða lóðir 18 og 20 hvor um sig skráðar 6.016 m². Fyrir liggur samþykki allra eigenda aðliggjandi lóða fyrir hnitsettum afmörkunum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðanna og gerir ekki athugasemdir við stofnun sameignarlóðarinnar. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 14: 1810019 - Kiðjaberg lóð 18 L168949; Bilsúr utan byggingarreits; Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Þorlákssonar, dags. 1. október 2018 um hvort leyfi fáiast til að byggja 40 m² bilsúr utan byggingarreits á lóðinni Kiðjaberg 18. Bilsúr þyrfti að tengjast bílaplani/aðkomu og byggingarreitur er mun neðar og í miklum halla. Aflað hefur verið samþykkis lóðarhafa fyrir ofan Kiðjaberg 18.

Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem það samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Mál nr. 19: 1810001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 87.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. október 2018.

d) Fundargerð 189. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 12. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Beiðni um styrk frá Söngkór Miðdalskirkju.

Fyrir liggur tölvupóstur frá formanni söngkórs Miðdalskirkju, dags. 7. október 2018 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi kórsins og til rekstrar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Söngkór Miðdalskirkju styrk að fjárhæð kr. 50.000.

4. Viljayfirlýsing CRI.

Fyrir liggur viljayfirlýsing frá Carbon Recycling International vegna verkefnis um nýtingu útblásturs frá Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 5. september 2018 og óskaði eftir frekari kynningu fyrir kjörna fulltrúa. Sú kynning hefur farið fram. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Tölvupóstur frá ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, Ásborgu Arnþórsdóttur þar sem sveitarstjórnun og ferða- og atvinnumálanefndum er boðið á kynningarfund.

Fyrir liggur tölvupóstur frá ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, Ásborgu Arnþórsdóttur, dags. 10. október 2018 þar sem sveitarstjórnun og ferða- og atvinnumálanefndum er boðið á kynningarfund í Félagsheimilinu Borg. Fundurinn verður mánudaginn 29. október n.k kl. 18:30. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

6. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E-65/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Hallfríði Kristinsdóttur og Hlyni Þór Björnssyni.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 8. október s.l. í máli nr. E-65/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Hallfríði Kristinsdóttur og Hlyni Þór Björnssyni. Niðurstaða dómsins er að Hallfríður Kristinsdóttir og Hlynur Þór Björnsson eru sýknuð af öllum kröfum Grímsnes- og Grafningshrepps og að Grímsnes- og Grafningshreppur greiði stefndu 1.500.000 kr. í málskostnað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fá lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl. til að fara yfir dóminn og næstu skref. Sveitarstjóra falið að finna fundartíma.

7. Tölvupóstur frá Atla Þór Fanndal, f.h. Samtakanna '78 þar sem sveitarfélaginu er boðið að kaupa hinsegin fræðslu fyrir vinnustaði eða logo í afmælisrit í tilefni af 40 ára afmæli samtakanna.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Atla Þór Fanndal, f.h. Samtakanna '78, dags. 12. október 2018 þar þar sem sveitarfélaginu er boðið að kaupa hinsegin fræðslu fyrir vinnustaði eða logo í afmælisrit í



Tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 6 - 18 ára styrk vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar. Til að unnt sé að nýta tómstundastyrkina þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir að lágmarki 6 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf.

Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árneseinga og líkamsræktarkort falla ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 - 18 ára.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 6 vikur hverja önn.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/ þátttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/ tómstundir.

Styrkur getur orðið allt að 20.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 40.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 6. desember 2017
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsnáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Grímsnes- og Grafningshreppi 20. desember 2017

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



tilefni af 40 ára afmæli samtakanna.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023, 172. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram og vísað til samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps til umsagnar.

9. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023, 173. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram og vísað til samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps til umsagnar.

10. **Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Nesjavallavegar af vegaskrá.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 8. október 2018 til eigenda Nesjavalla þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Nesjavallavegar af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. **20 ára afmæli Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggur minnisblað frá oddvita um viðburði og kostnað þeirra sem til stendur að halda í tilefni af 20 ára afmæli sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi minnisblað og felur oddvita að vinna áfram að málinu.

12. **Nýtt teppi á anddyri og kaffistofu Félagsheimilisins Borgar.**

Á fundi sveitarstjórnar þann 10. október s.l. frestaði sveitarstjórn afgreiðslu málsins þar sem samþykkt var að efna til könnunar um lit á teppinu á íbúafundi sem haldinn var mánudaginn 8. október s.l. Atkvæðatalning fór þannig að rauður litur fékk 9 atkvæði, dökk grár 8 atkvæði, ljós grár og blár fengu 4 atkvæði hvor, tveir seðlar voru auðir og tveir ógildir. Tillaga húsnefndar er að teppið verði blátt að lit.

13. Staða fjárhagsáætlunar 2018.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2018 eftir fyrstu níu mánuði ársins.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 270. stjórnarfundar 01.10 2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 537. stjórnarfundar 03.10 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 863. stjórnarfundar, 26.09 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30

Kæru sveitungar

Nú er enn og aftur komið að útgáfu viðburðardagatals Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Ef þú hefur áhuga á að auglýsa í dagatalinu eða tilkynna um viðburð sem á að halda árið 2019 vinsamlega sendið póst á atvinnumalanefnd@gogg.is eða hringið í Guðmund Finnbogason í síma **895-2409***



Jólafundur Kvenfélags Grímsneshrepps

Gamla Borg fimmtudaginn
15.nóv kl 18.00



Gestir fundarins verða
Albert Eiríksson og Bergþór Pálsson

Pálínubod (komum allar með eitthvað á
veitingaborðið)

Pakkaleikur - hver kona kemur með gjöf að
verðmæti 1.500kr

Allar konur velkomnar

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

